

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 4/2021-2022

Kærendur: Árni Freyr Stefánsson og Julie Francia Aline Coadou.

Kærðu: Ritstjórn Morgunblaðsins og Eggert Jóhannesson ljósmyndari.

Kæruefni:

Myndbirting í Morgunblaðinu 20. júní 2021, af börnum kærenda.

Málsmeðferð:

Kæran er dagsett 8. júlí 2021 en vegna sumarleyfa barst hún Siðanefnd 17. ágúst. Siðanefnd tók málið fyrst fyrir á fundi sínum 24. ágúst og óskaði þá eftir andsvörum kærðu. Andsvör bárust 6. september. Siðanefnd tók málið aftur fyrir á fundi sínum 14. september og var þá úrskurður kveðinn upp.

Málavextir:

Í máli þessu er kærð myndbirting af börnum kærenda, en myndin sýnir þau tvö á gangi um fjölfarna götu í Reykjavík og var myndin birt sem mannlífsmynd á leiðarasíðu blaðsins. Kærendur telja að myndin hafi „*enga tengingu við skrif ritstjórnarinnar*,” sé tekin úr launsátri og hafi ekkert fréttagildi. „*Staðsetning hennar innan um sterkar skoðanir ritstjóra vekur hugrenningartengsl lesenda og tengja saklaus börnin við skoðanirnar, án nokkurrar vitundar þeirra eða okkar foreldranna, og án alls samráðs*,” segja kærendur. Þau vísa til viðmiðana sem Barnaheill - Save the Children á Íslandi, Fjölmiðlanefnd, Heimili og skóli, SAFT, Umboðsmaður barna og UNICEF hafa tekið saman, til Persónuverndarlaga og til 3. gr. siðareglna BÍ. Kærendur telja að brot á 3. gr. sé fólgið í því „*að hafa ekki vandað upplýsingaöflun sína með þeim afleiðingum að valda ungum saklausum börnum vanvirðu*.”

Í andsvörum kærðu er ekki fallist á að „*reynt sé með nokkru móti að tengja umfjöllun Reykjavíkurbréfsins ... við umrædda ljósmynd, sem er hefðbundin ljósmynd af mannlífi á Laugavegi*.” Reykjavíkurbréfum blaðsins fylgi „*iðulega ótengdar ljósmyndir blaðaljósmyndara af fjölbreyttu mannlífi af ýmsum toga á förnum vegi*.” Vísað er til „*víðtæks svigrúms fjölmiðla til að birta ljósmyndir úr þjóðlífi eins og það er á hverjum tíma*.” Ekki sé um siðareglubrot að ræða en engu að síður hafi myndin verið fjarlægð úr myndasafni blaðsins vegna athugasemda kærenda.

Umfjöllun:


Siðanefnd BÍ tekur ekki afstöðu til þess hvort brotið sé gegn viðmiðunum ofangreindra samtaka eða gegn persónuverndarlöggjöf. Umrædd mynd er mannlífsmynd og tekin á almenningi, þar sem fólk getur ekki ætlast til þess að friðhelgi ríki og getur myndin að áliti Siðanefndar ekki falið í sér óþarfa

sársauka eða vanvirðu fyrir umrædd börn. Siðareglur BÍ hafa að áliti Siðanefndar ekki verið brotnar með myndbirtingu þessari.


Úrskurður:

Kærðu brutu ekki siðareglur BÍ í máli þessu.


Reykjavík, 14. september 2021.




Hjörtur Gíslason




Ásgeir Þór Árnason



Þórdís Helgadóttir



Fanney Birna Jónsdóttir



Friðrik Þór Guðmundsson